

Tækniminjasafn Austurlands

Stjórnarfundur 21. Nóvember 2011

Fundarstaður og tími: Tækniminjasafn, kl. 17.30-20.40

Fundarmenn: Árni Elísson, Rúnar Loftur Sveinsson, Margrét Guðjónsdóttir, Lilja Björk Ívarsdóttir, Pétur Kristjánsson

1. Fjármál safnsins:

a) Ársreikningar 2010

Pétur lagði fram ársreikninga 2010 - samþykktir.

b) Ársskýrsla 2010

Umræða var um sumarlokun um helgar. Rætt var um möguleika á samstarfi við foreldra og nemendur í efstu bekkjum grunnskólans. Lilja ætlar að athuga málið.

c) Fjárhags- og framkvæmdaáætlun fyrir 2012

Fysrut drög að fjárhagsáætlun og framkvæmdaáætlun fyrir 2012 lögð fram. Fjögurra ára áætlunum að ljúka og þarf að gera nýjar.

d) Pétur sagði frá reikningum frá Vélaleigu SP vegna vinnu við sökku og gólfplötu í

Munageymslu. Kostnaður smakvæmt verktaka yrði tæplega 6 milljónir. Hins vegar gerir kostnaðaráætlun byggingatæknifræðings ráð fyrir kostnaði sem er innan við þriðjung þess sem Vélaleiga SP gerir ráð fyrir. Stjórnin felur Pétri að skrifa fyrirtækinu bréf og óska eftir leiðréttingu. Fáist hún ekki beri að jkalla til dómkvadda matsmenn til að skera úr um kostnað.

e) Önnur fjármál

Unnið hefur verið að undirbúningi að því að sækja um "evrópustyrki". Ekki hefur okkur orðið ágengt svo neinu nemi þar, en Árný mun áfram vinna að málinu.

2. Staða mála varðandi Símsstöðina

Ekkert erindi hefur borist frá bænum.

3. Staða mála varðandi Auðbjörgu.

Árni sendi bréf til Brimbergsmanna í maí sl. Og óskaði eftir viðræðum við menn þar á bæ. Ekkert svar hefur enn borist. Árni mun ítreka.

4. Starfsmannamál

Slæm fjárhagsstaða og óvissa í fjáröflun gerir að safnastjórnin óskar eftir því að starfsmenn minnki starfshlutfall sitt í 60% vinnuhlutfall frá 1. desember nk. Verður þetta til þriggja mánaða í fyrstu og vonast til að breyta megi til fyrra horfs sem fyrst.

5. Skipulagsskráin

Málinu frestað meðan menn kynna sér það betur.

6. Önnur mál

Samþykkt að heimila forst.manni að hækka aðgangseyri til samræmis við önnur söfn.